Grant Thornton
An instinct for growth™

Trúnaðarmál þar til eftir fund með bæjarstjórn 13. maí 2025.

Kópavogsbær

Endurskoðunarskýrsla 2024
13. maí 2025

Davíð Arnar Einarsson
Eigandi
david.einarsson@is.gt.com

Sif Jónsdóttir
Eigandi
sif.jonsdottir@is.gt.com

Sigurjón Oddsson
Verkefnastjóri
sigurjon.oddsson@is.gt.com

kjal sótt af '0000000000' dags. 10.11.2025 16

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

13. maí 2025

Bæjarstjórn Kópavogsbæjar
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík
Sími: 520-7000
www.grantthornton.is

Endurskoðun ársreiknings 2024

Skýrsla þessi er gerð í tengslum við vinnu okkar við endurskoðun á ársreikningi Kópavogsbæjar vegna ársins 2024 sem lagður var fyrir bæjarráð 10. apríl sl. Bæjarráð vísaði ársreikningnum til fyrri umræðu í bæjarstjórn sem verður 29. apríl 2025. Seinni umræða bæjarstjórnar verður 13. maí og þar verðu reikningurinn staðfestir og undirritaður.

Við munum árita hann samhliða afgreiðslu og áritun bæjarstjórnar við síðari umræðu með fyrirvaralausri áritun, komi ekki fram mikilvægar upplýsingar sem gætu haft áhrif á álit okkar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Kópavogsbæjar á árinu 2024, efnahag hans 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og aðrar reglur um reikningsskil sveitarfélaga.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka.

Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits er varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni á innra eftirliti bæjarins.

Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Davíð A. Einarsson og Sif Jónsdóttir árita ársreikning bæjarins fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf. Bæði eru löggiltir endurskoðendur og eigendur hjá Grant Thornton endurskoðun ehf.

Grant Thornton endurskoðun ehf. var kosið endurskoðunarfyrirtæki Kópavogsbæjar á árinu 2024. Er því lokið endurskoðun á fyrsta ársreikningi tímabilsins.

Virðingarfyllst,
Grant Thornton endurskoðun ehf.


Davíð A. Einarsson
Löggiltur endurskoðandi

Sif Jónsdóttir
Löggiltur endurskoðandi

Grant Thornton International Ltd
VAT reg 888 0195 82. Registered in England. Company number 05523714
Grant Thornton International Ltd (GTIL) and the member firms are not a worldwide partnership. GTIL and each member firm is a separate legal entity. Services are delivered independently by the member firms. GTIL does not provide services to clients. GTIL and its member firms are not agents of, and do not obligate, one another and are not liable for one another's acts or omissions.

grantthornton.global

Um endurskoðunina



Umfjöllun um endurskoðunina

Upphafsaðgerðir og atriði er snúa að skipulagningu endurskoðunarinnar

Rammi endurskoðunarinnar

Endurskoðendur og störf þeirra heyra undir lög nr. 94/2019 um endurskoðendur. Endurskoðendum ber að framkvæma endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) og alþjóðlegan staðal um gæðaeftirlit. Einnig berum við skyldur samkvæmt, sveitarstjórnarlögum, lögum um ársreikninga og öðrum sérlögum.

Öllum aðildarfélögum Grant Thornton International ltd. er skylt að starfa eftir sömu aðferðafræði. Aðferðafræðin byggir á alþjóðlegu endurskoðunarstöðlunum. Auk þess nota aðildarfélög Grant Thornton sama skjölunarkerfi.

Óhæðismál

Grant Thornton endurskoðun ehf. er óháður endurskoðandi Kópavogsbæjar. Hluti af upphafsaðgerðum okkar er að meta hvort aðstæður séu fyrir hendi sem ógna óhæði okkar.

Allir meðlimir endurskoðunarteymisins hafa skrifað undir óhæðisyfirlýsingu gagnvart Kópavogsbæ. Aðilar endurskoðunarteymisins hafa einnig undirritað trúnaðaryfirlýsingu.

Fundir með stjórnendum, lykilstarfsmönnum

Við funduðum með helstu stjórnendum og lykilstarfsmönnum Kópavogsbæjar á meðan á endurskoðuninni stóð. Á þessum fundum höfum við farið yfir starfsemi og ferla ásamt athugasemdum og ábendingum sem upp hafa komið.

Við höfum fundað tvisvar með bæjarráði meðan á endurskoðuninni stóð.

Ráðningarbréf

Við höfum útbúið ráðningarbréf vegna endurskoðunar reikningsársins 2024 og fengið undirritað af bæjarstjóra.

Endurskoðun í fyrsta skiptið

Við höfum framkvæmt aðgerðir sem teljast hluti af endurskoðun ársins vegna endurskoðunar í fyrsta skipti. Þessar aðgerðir eru helstar:

- Yfirferð og skráning á viðskiptaferlum og helstu þáttum innra eftirlits.
- Yfirferð og skráning á tölvuumhverfi Kópavogsbæjar. Í þeirri skoðun er sérstaklega lögð áhersla á það hvernig stjórnun aðgangsstýringar er háttað í lykilkerfum.
- Yfirferð afstemminga frá fyrra ári á völdum liðum og öflun ytri staðfestinga á ákveðnum liðum þegar það átti við.
- Yfirferð á reikningshaldslegri meðferð á helstu liðum ársreiknings A- og B-hluta til að staðfesta samkvæmni við reikningsskilareglur.
- Yfirferð á matskenndum liðum með það að markmiði að staðfesta samkvæmni við núverandi aðferðafræði.
- Samskipti við fyrri endurskoðendur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Umfjöllun um endurskoðunina

Framsetning ársreiknings

Framsetning ársreiknings

Starfsemi Kópavogsbæjar er skipt í A-hluta og B-hluta. Til A-hluta telst starfsemi sem er að hluta eða öllu leyti fjármögnuð með skatttekjum. Aðalsjóður, Eignasjóður, Byggingarsjóður M.K. og Þjónustumiðstöð tilheyra A-hlutanum. Til B-hluta teljast þær stofnanir sem að stofni til eru fjármagnaðar með þjónustutekjum ásamt byggðasamlögum sem Kópavogsbær á með öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og eru rekin sem fjárhagslega- og eða stjórnunarlega sjálfstæðar einingar. Þessar stofnanir eru, Fráveita, Vatnsveita, Hafnarsjóður, Húsnæðisnefnd Kópavogs, Bílastæðasjóður og Tónlistarhús Kópavogs. Ásamt Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Sorpu bs., Strætó bs., Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og heilbrigðiseftirliti Kópavogs, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög og reglugerðir um framsetningu ársreikninga sveitarfélaga.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt lögum um ársreikninga eru ríkar kröfur um upplýsingagjöf sem fylgja þarf ársreikningi, s.s. stjórnháttaryfirlýsing, ýmis ófjárhagsleg upplýsingagjöf auk ýmissa atriða sem greina þarf frá í skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra. Um ábyrgð okkar gagnvart þessum upplýsingum er fjallað í kaflanum „Aðrar upplýsingar“ í áritun okkar með ársreikningnum.

Mikilvægismörk

Mikilvægismörk eru einn af grunnþáttum endurskoðunar en þau marka umfang endurskoðunaraðgerða.

Heildarmikilvægismörk A- og B-hluta höfum við ákvarðað 2% af heildareignum sveitarfélagsins eða 2.014 millj. kr. og sérstök mikilvægismörk nema 1.410 millj. kr. Skráningarmörk nema 100,7 millj. kr.

Heildarmikilvægismörk A-hluta ákvarðast út frá mikilvægismörkum A- og B-hluta og nema 1.410 millj.kr og sérstök mikilvægismörk nema 846 millj.kr. Skráningarmörk nema 70,5 millj.kr.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Umfjöllun um endurskoðunina

Áhættumat

Áhættumat – A-hluti

Endurskoðun er áhættumiðuð. Í því felst að okkur ber að skilgreina og tilgreina í hvaða liðum reikningsskilanna og í hvaða staðhæfingum áhætta á rangfærslum sé helst að finna. Þar sem veruleg áhætta á rangfærslum í reikningsskilunum liggur fyrir ber okkur að bregðast sérstaklega við með viðeigandi endurskoðunaraðgerðum.

Helstu áhættuþættir sem skilgreindir voru við endurskoðun A-hluta eru:

- Innlausn tekna, annarra en skatttekna
- Mat lífeyrisskuldbindinga
- Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti

Áhættumat – Samantekin reikningsskil


Helstu áhættuþættir sem skilgreindir voru við endurskoðun samantekinna reikningsskila A- og B-hluta eru:

- Innlausn tekna (A- og B- hluti) - lykilatriði
- Mat lífeyrisskuldbindinga (A-hluti) - lykilatriði
- Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti (allar einingar)

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins árið 2024. Gerð er sérstaklega grein fyrir þeim í áritun okkar á ársreikninginn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Helstu áherslur við endurskoðun og niðurstöður



Helstu áherslur við endurskoðun

Umfjöllun um helstu áhersluatriði við endurskoðun ársreiknings 2024

Rekstrartekjur

Áhættumat: Tilvist og lotun tekna

Allar rekstrareiningar

Við endurskoðun ársreiknings Kópavogsbæjar, sem og við endurskoðun B-hluta stofnana, er sérstök áhersla lögð á innlausn tekna. Innlausn tekna telst veruleg áhætta enda að jafnaði gengið út frá því að sviksemisáhætta sé í tekjum skv. ISA 260.

Tekjum sveitarfélagsins má gróflega skipta í þrennt: skatttekjur, framlag jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og aðrar sértekjur sviða og B-hluta félaga. Tekjur skiptast svo:

í ma.kr.	**2024**	**2023**	**%**
Útsvarstekjur	35,3	33,2	6%
Fasteignaskattur	4,5	4,2	7%
Skatttekjur samtals	**39,7**	**37,3**	**6%**
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	4,4	3,2	38%
Aðrar tekjur	8,9	5,4	65%
Tekjur A-hluta samtals	**53,09**	**45,95**	**16%**
Fráveita	1,3	1,3	-3%
Vatnsveita	1,0	1,1	-2%
Hafnasjóður	0,1	0,1	0%
Tónlistarhúsið	0,2	0,1	159%
Bílastæðasjóður	0,0	0,0	-100%
Saml.félög í samrekstri m. öðrum sveitarfélögum*	3,5	3,2	9%
Tekjur A- og B-hluta samtals	**59,2**	**51,7**	**14%**

* Hlutdeild Kópavogsbæjar

Endurskoðun rekstrartekna A- og B-hluta

Útsvarstekjur sveitarfélagsins hafa aukist um 6% milli ára, helst í hendur við íbúafjölgun og launavísitölu. Fasteignaskattar og lóðarleiga hafa aukist um 7% milli ára vegna hækkandi fasteignaverðs. Framlag jöfnunarsjóðs nam 4,4 ma.kr. og jókst um 38% samanborið við síðasta ár en framlag jöfnunarsjóðs nam 3,2 ma.kr. árið 2023.

Aðrar tekjur námu samtals að fjárhæð 8,9 ma. kr. árið 2024 samanborið við samtals að fjárhæð 5,4 ma. kr. sem er um 65% aukning á milli ára. Aukninguna má að mestu leyti skýra á úthlutun lóða sem nam samtals um 3,2 ma. kr., og þá helst úthlutun á lóðum í Vatnsenda.

Tekjur B-hluta stofnana námu samtals að fjárhæð 6,1 ma.kr. árið 2024 samanborið við 5,8 ma.kr. árið 2023.

Við endurskoðun á tekjum höfum við lagt mat á eftirlitsþætti í tekjukerfum. Við höfum farið yfir afstemmingar á helstu tekjustofnum sveitarfélagsins þar sem við afstemmdum yfirkerfi við undirkerfi og yfirlit frá opinberum aðilum. Í öðrum tilvikum voru tekin úrtök með úrtaksaðferðafræði Grant Thornton til skoðunar og rakið til uppruna gagna og forsendur yfirfarnar.

Niðurstöður

Yfirferð okkar er athugasemdalaus.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Helstu áherslur við endurskoðun

Umfjöllun um helstu áhersluatriði við endurskoðun ársreiknings 2024

Mat lífeyrisskuldbindinga

Áhættumat: Mat og nákvæmni lífeyrirsskuldbindinga

Allar rekstrareiningar

Lífeyrisskuldbinding sem færð er til skuldar í efnahagsreikningi A-hluta nemur 12,16 ma. kr. í árslok (2023: 12,29 ma. kr.) og nemur gjaldfærsla vegna skuldbindingarinnar 599,1 millj. kr (2023: 1.587,7 millj. kr. gjaldfærsla).

í ma.kr.	**2024**	**2023**	**%**
Eignir á móti lífeyrisskuldbindngu	5,62	5,23	7%
Lífeyrisskuldbinding LSK	-17,19	-16,95	1%
Samtals nettó lífeyrisskuldbinding	**-11,57**	**-11,72**	**-1%**
Lífeyrisskuldbinding A-hluti 1.1.	-0,53	0,00	100%
Lífeyrisskuldbinding samrekstrarfélaga	-0,05	-0,04	10%
Framlag A-hluta Brúar	-0,01	-0,53	-98%
Lífeyrisskuldbinding í árslok	**-12,16**	**-12,29**	**-1%**
Greiðsludreifing			
Til greiðslu næstu 1-5 árin	-3,69	-3,48	6%
Til greiðslu næstu 6-10 árin	-3,04	-2,95	3%
Til greiðslu næstu 11-15 árin	-2,37	-2,34	1%
Til greiðslu eftir eftir 15 ár og síðar	-3,05	-3,52	-13%
Samtals sundurliðuð greiðsludreifing	**-12,16**	**-12,29**	**-1%**
Fjöldi			
Aðilar með geymd réttindi	400	420	
Virkir sjóðsfélagar	21	27	
Ellilífeyrisþegar	363	344	
Örorkulífeyrisþegar	24	27	

Endurskoðun mat lífeyrisskuldbindingu A-hluta

Við mat á lífeyrisskuldbindingu Kópavogsbæjar eru notaðar forsendur um dánar- og lífslíkur í samræmi við spár Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga sem auglýstar hafa verið af fjármálaráðuneyti. Þær forsendur gera ráð fyrir að dánartíðni haldi áfram að lækka og meðalævi lengist í stað þess að miða við reynslu undangenginna ára og eru nú orðnar að staðalforsendum við uppgjör lífeyrissjóða.

Útreikningar lífeyrisskuldbindinga eru í höndum tryggingastærðfræðings Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar (LSK).

Við höfum yfirfarið þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar á mati lífeyrisskuldbindingar. Þá höfum við fundað með tryggingastærðfræðingi, yfirfarið vinnulag hans við útreikninga og metið hæfi hans. Þá höfum við beitt greiningaraðgerðum þar sem settar eru fram væntingar skuldbindingar í árslok út frá þróun í hagstærðum, réttindaávinnslu og greiðslna til lífeyrisþega.

Samkvæmt tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í árslok 2024, þá mun sjóðurinn eiga fyrir skuldbindingum sínum, að teknu tilliti til endurgreiðslu Kópavogsbæjar og núvirtum iðgjöldum.

Niðurstöður

Yfirferð okkar er athugasemdalaus.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Helstu áherslur við endurskoðun

Umfjöllun um helstu áhersluatriði við endurskoðun ársreiknings 2024

Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á Innra eftirliti

Allar rekstrareiningar

Áhættumat: Ársreikningurinn í heild sinni

Samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum ber endurskoðendum að ganga út frá því að áhættan sé fyrir hendi að stjórnendur kunni að sniðganga innra eftirlit. Við höfum því framkvæmt endurskoðunaraðgerðir sem viðbrögð við þeirri áhættu í öllum rekstrareiningum.

Endurskoðun sem framkvæmd er vegna áhættunnar á sniðgöngu stjórnenda Kópavogsbæjar á innra eftirliti


Helstu aðgerðir þessu tengdu snúa að dagbókarfærslum, s.s. yfirferð á óhefðbundnum færslum og greiningu á færslum sem gætu verið vísbendingar um sviksemi. Þá er sniðganga stjórnenda í innra eftirliti alltaf höfð til hliðsjónar við yfirferð á matskenndum liðum reikningsskilanna. Þá höfum við einnig skipulagt aðgerðir við endurskoðun launa sem m.a. eru viðbrögð við þessari áhættu.

Niðurstöður

Yfirferð okkar er athugasemdalaus.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Ábendingar vegna innra eftirlits og önnur mikilvæg atriði



Innra eftirlit og stjórnsýsluendurskoðun

Ábendingar vegna innra eftirlits og stjórnsýsluskoðunar

Ábendingar vegna innra eftirlits

Við endurskoðun okkar á ársreikningi Kópavogsbæjar höfum við skráð verkferla og innra eftirlit við gerð reikningsskila og fjárhagsupplýsinga.

Við höfum lagt fram nokkrar ábendingar eða athugasemdir í viðaukaskýrslum. Annars vegar er um að ræða viðaukaskýrslu um ágalla í innra eftirliti og hins vegar ágalla er snúa að upplýsingaöryggi Kópavogsbæjar.

Við höfum tilgreint nokkra verulega veikleika í upplýsingatækniumhverfi Kópavogsbæjar sem við viljum koma á framfæri við bæjarstjórnina. Sjá umfjöllun um þá punkta í viðaukaskýrslu.

Í þessari skýrslu munum við aðeins tilgreina þá ágalla innra eftirlits sem við teljum verulegir og þarf að upplýsa bæjarstjórn um.

Eftirfarandi ábendingar/athugasemdir viljum við koma á framfæri við bæjarstjórn:

1. **Afstemmingar á bókhaldslyklum ábótavant:**

Við viljum koma því á framfæri við bæjarstjórn að mikilvægt er að bókhaldslyklar séu afstemmdir með reglulegum hætti og yfirfarið af öðrum aðila til staðfestingar. Þessi ábending/athugasemd á ekki við um alla bókhaldslykla.

Áhætta: Ef bókhaldslyklar eru ekki afstemmdir við ytri gögn eða upplýsingar eykst áhættan verulega á að villur slæðist í bókhaldið.

Tillaga að úrbótum: Setja fram áætlun um afstemmingar bókhaldslykla og yfirferð þeirra. Í framhaldi þess þarf að framkvæma afstemmingar til samræmis við áætlunina og leysa úr mismunum sem koma upp tímanlega.

Helstu ábendingar vegna stjórnsýsluendurskoðunar

Samhliða vinnu við endurskoðun ársins 2024 hefur verið kannað hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélagsins og einstakar ákvarðanir þess séu í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélaga, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Eftirfarandi atriði voru framkvæmd:

1. Yfirfara innra eftirlit Kópavogsbæjar en í því felst, bæði að skoða eftirlitsumhverfi, áhættustýringu, upplýsingatækniumhverfi og eftirlitsaðgerðir innra eftirlits. Við höfum eftirfarandi ábendingar fram að færa:

✓ Sjá ábendingar okkar og umfjöllun um innra eftirlit hér við hlið.

✓ Vöntun á formfestu í viðskiptum og lánveitingum við B-hluta stofnanir.

2. Yfirfara fjárhagsviðmið sem Kópavogsbær ber að uppfylla samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Sveitarfélagið uppfyllir bæði skuldahlutfall og skuldaviðmið sem sett eru fram í sveitarstjórnarlögum annars vegar og hins vegar Eftirlitsnefnd sveitarfélaga.

✓ Sveitarfélagið uppfyllir þau viðmið sem til staðar eru í Sveitarstjórnarlögum.

✓ Skuldaviðmið Kópavogsbæjar hafa farið lækkandi undanfarin ár.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Önnur mikilvæg atriði

Umfjöllun um mikilvæg atriði sem við teljum að eigi að upplýsa bæjarstjórn og stjórnendur um

Óleiðréttar skekkjur

Tvær skekkjur fundust við endurskoðun ársreiknings Kópavogsbæjar. Annars vegar mismunur að fjárhæð 91.470.967 kr. Um er að ræða vanmat á fyrningum sem hefði lækkað hagnað Kópavogsbæjar og lækkað varanlega rekstrarfjármuni. Hins vegar mismunur að fjárhæð 100 millj.kr. Þar er um að ræða ofmetið áfallið orlof sem hefði aukið hagnað Kópavogsbæjar.

Lögfræðimál og skaðabótakröfur

Við höfum fengið upplýsingar frá lögmönnum Kópavogsbæjar um útistandandi mál sem gætu haft áhrif á fjárhag og efnahag sveitarfélagsins. Við höfum einnig fundað með lögfræðingi Kópavogsbæjar.

Vatnsendamálið

Með dómi Landsréttar 6. febrúar 2025 var Kópavogsbær sýknaður af öllum fjárkröfum vegna svokallaðs Vatnsendamáls. Þá var Kópavogsbær einnig sýknaður af viðurkenningarkröfu um að bærinn væri skyldugur til að greiða skaðabætur vegna tapaðra leigutekna. Kópavogsbær verður hins vegar að inna af hendi tiltekna skipulagsvinnu og gatnagerð innan Vatnsendajarðarinnar.

Óskað var eftir leyfi Hæstaréttar til að áfrýja dómi Landsréttar af kæruaðila. Hins vegar með ákvörðun sinni þann 4. apríl sl., hafnaði Hæstiréttur Íslands beiðni um leyfi til að áfrýja dómi Landsréttar frá 6. febrúar 2025. Umræddu dómsmáli er því endanlega lokið. Kópavogsbær á því ekki aðild að neinum dómsmálum er snerta jörðina Vatnsenda í Kópavogsbæ.

Vegna niðurstöðunnar, mun varúðarfjárhæð sem færð var á efnahagsreikninginn vera færð út í ársreikningi 2024.

Önnur lögfræði- eða dómsmál

Engin önnur mál eru í gangi gagnvart sveitarfélaginu sem geta talist veruleg.

Betri samgöngur ohf., framlög og afhending verkefna

Á árinu 2020 var félagið Betri samgöngur ohf. stofnað af Ríkissjóði og öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Félagið var stofnað í þeim tilgangi að halda utan um samgönguframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Heildaráætlun og samkomulag sveitarfélaga gera ráð fyrir allt að 311 ma.kr. í framkvæmdir til ársins 2040. Heildarframlag Kópavogs mun nema u.þ.b. 3,8 ma.kr. Nú þegar hefur Kópavogsbær greitt 1,1 ma.kr. til verkefnisins á árunum 20219-2024. Við skoðun á ársreikningi Betri samgangna ohf., þá hefur félagið lokið við stórum hluta af þeim verkefnum sem byrjað hefur verið á. Okkur er ekki kunnugt um að formleg afhending á verkefnum hafi farið fram.

Við leggjum áherslu á að formlegt uppgjör verkefna muni fara fram og þar með afhent Kópavogsbæ. Í því uppgjöri verði sundurliðuð þau verkefni sem hafa verið lokað og hlutfall Kópavogsbæjar í þeim verkefnum skilgreint. Í ársreikningi Kópavogsbæjar er framlagið skráð sem langtímakröfur. Eftir afhendingu verkefna þarf að afskrá framlögin sem langtímakröfur og færa sem varanlega fastafjármuni og hefja afskrift.

Flokkun byggðasamlaga meðal B-hluta í stað A-hluta

Í 60. gr. laga nr. 138/2011 er fjallað um það hvenær beri að flokka starfsemi sveitarfélags í A-hluta eða í B-hluta. Megin reglan er sú að ef stofnanir eða félög í eigu sveitarfélags eru fjármögnuð að hluta til eða að öllu leyti með skatttekjum skulu þau flokkast meðal A-hluta. Hins vegar, ef sjóðir, stofnanir eða félög sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem sjálfstæðar einingar, skuli flokkast meðal B-hluta. Við höfum sent fyrirspurn til Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga varðandi túlkun á þessari flokkun og fengið drög að niðurstöðu. Niðurstaða nefndarinnar er sú að sjálfstæði einingarinnar skuli ráða mestu um það hvar viðkomandi stofnun skuli flokkast. Af því sögðu, þá hefur Kópavogsbær flokkað samlagsfélögin meðal B-hluta.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Önnur mikilvæg atriði

Umfjöllun um mikilvæg atriði sem við teljum að eigi að upplýsa bæjarstjórn og stjórnendur um

Tekjufærsla vegna úthlutun lóða Kópavogsbæjar

Tekjufærsla Kópavogsbæjar vegna úthlutun lóða á árinu 2024 nam samtals að fjárhæð 3,15 ma. kr. Kópavogsbæ er heimilt að tekjufæra sölu lóða á þeim tímapunkti þegar áhætta og ávinningur af lóðinni hefur færst yfir á móttakanda lóðarinnar og sannanleg krafa myndast. Á móti söluhagnaðinum skal draga frá þann kostnað sem sveitarfélagið er skuldbundið að afhenda eða framkvæma á lóðinni samkvæmt samningi.

Við höfum ekki orðið vör við mismun eða ósamræmi við endurskoðun okkar á tekjufærslu á úthlutun lóða. Hins vegar viljum við leggja áherslu á að sveitarfélagið komi sér upp vinnulagi þar sem greining á úthlutun lóða verði framkvæmd við gerð ársreiknings. Slík greining á að geta sýnt fram á að kröfum um reikningshaldslega meðferð sé mætt.

Formfesta í viðskiptum og lánveitingum til B-hluta sjóða og stofnana

Formfesta í lánveitingum til sjóða og stofnana innan samstæðu Kópavogsbæjar er mikilvægur hluti innra eftirlits og í meðferð fjármuna Kópavogsbæjar. Við viljum koma á framfæri við bæjarstjórn mikilvægi þess að gerðir séu samningar við stofnanir og sjóði innan samstæðu Kópavogsbæjar þegar Aðalsjóður veitir lán eða greiðir inn í sjóði og stofnanir. Í þessum samningum skal meðal annars skilgreina vexti, afborganir önnur skilyrði sem nauðsynleg eru í slíkum lánasamningum.

Mat á eignarhluta Kópavogsbæjar í Tónlistarhúsi Kópavogsbæjar

Rekstur Tónlistarhússins hefur ekki verið sjálfbær og hefur skilað tapi árlega. Af þeim sökum hefur bæjarsjóður greitt inn 51,5 millj. kr. árlega inn í reksturinn. Þetta framlag ber að tekjufæra í ársreikningi Tónlistarhússins og á móti gjaldfæra hjá Aðalsjóði.

Í fyrri ársreikningum hefur framlag til reksturs Tónlistarhússins verið fært til hækkunar á eignarluta Kópavogsbæjar í Tónlistahúsinu. Í ársreikningi 2024 hefur þetta verið leiðrétt þ.e. framlag Kópavogsbæjar til Tónlistarhússins hefur verið gjaldfært í Aðalsjóði en tekjufært hjá Tónlistarhúsinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026



© 2024 Grant Thornton International Ltd. All rights reserved.

'Grant Thornton' refers to the brand under which the Grant Thornton member firms provide assurance, tax and advisory services to their clients and/or refers to one or more member firms, as the context requires. Grant Thornton International Ltd (GTIL) and the member firms are not a worldwide partnership. GTIL and each member firm is a separate legal entity. Services are delivered by the member firms. GTIL does not provide services to clients. GTIL and its member firms are not agents of, and do not obligate, one another and are not liable for one another's acts or omissions.